

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/678****2016/EES/63/19****frá 29. apríl 2016****skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um vöru, sem er þurrkuð lofnarblóm í poka, sem sett er á markað til að verjast náttfíðrildum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 3. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 28. maí 2015 fór Þýskaland fram á að framkvæmdastjórnin tæki ákvörðun, skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um hvort vara, sem er þurrkuð lofnarblóm í poka, sem er sett á markað til að verjast náttfíðrildum, sé sæfivara eða meðhöndluð vara að því er varðar a- eða l-lið 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Í samræmi við samþykktar leiðbeiningar Sambandsins ⁽²⁾ er ekki litið á heilar, lifandi eða ómeðhöndlaðar dauðar lífverur (t.d. ger, frostþurrkaðar bakteríur) eða hluta þeirra (t.d. líkamshluta, blóð, greinar, lauf, blóm, o.s.frv.) sem efni, blöndur eða hluti í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽³⁾. Þar af leiðandi ætti ekki að líta á þurrkuð lofnarblóm sem efni, blöndu eða hlut í skilningi þeirrar reglugerðar og þar af leiðandi ætti hvorki að líta á þau sem sæfivöru né sem meðhöndlaða vöru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Vara sem er þurrkuð lofnarblóm í poka er hvorki sæfivara né meðhöndluð vara í skilningi a- og l-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 116, 30.4.2016, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 184/2016 frá 23. september 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ „Guidance for Annex V Exemptions from the obligation to register“ (bls. 19), eru aðgengilegar á http://echa.europa.eu/documents/10162/13632/annex_v_en.pdf

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjútíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
